

Nd.

238. Breytingartillaga

[145. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 24. marz 1944, um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá Jóni Pálmasyni.

- a. Á undan 1. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:
Upphaflegur 22. liður (fyrir áorðnar breytingar 25. liður) 1. gr. laga nr. 44 1932 verði tveir liðir, svo hljóðandi:
25. **Blönduóshérað:** Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínvatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur og Vindhælishreppur. Læknissetur á Blönduósi.
Íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár eiga jöfnum höndum tilkall til læknisþjónustu af hendi héraðslæknis Höfðahéraðs.
26. **Höfðahérað:** Höfðahreppur og Skagahreppur. Læknissetur í Höfðakaupstað.
- b. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og á l. nr. 8 1944, um breyt. á þeim lögum.